

Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði 46. fundur.

Árið 2015, þriðjudaginn 19. maí kl. 12:00 kom nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði saman í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Mættir aðalmenn voru Sigurður Pétursson, formaður, Arna Lára Jónsdóttir mætti í stað Magnúsar Reynis Guðmundssonar og Kristín Hálfhánsdóttir.

Jafnframt eru mættir, Ágúst Gíslason, byggingarstjóri, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Jóhann Birkir Helgason sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Fundargerðir 44. og 45. fundar nefndarinnar.

Fundargerðirnar samþykktar.

2. Staða framkvæmda. 2011-12-0009.

Ágúst Gíslason, byggingarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda á Eyri. Verkið er 2 til 3 vikur á eftir áætlun. Verktaki gerir ráð fyrir að verkinu ljúki 19. júní 2015.

Rætt um opnun milli hjúkrunarheimilisins og sjúkrahússins. Gísli Halldór hefur rætt þetta mál við Sturlaug Tómasson, staðgengil skrifstofustjóra Velferðarráðuneytisins. Sturlaugur mun ræða þetta mál við Snævar hjá Fasteignum ríkisins til að tryggja framgang málsins.

Lóðarframkvæmdir eru komnar af stað, búið að jarðvegsskipta undir vegi að húsi. Verkið er á áætlun.

Eftir fund byggingarstjóra með framkvæmdastjóra hjúkrunar á HsVest var ákveðið að færa til hár- og fótisnyrtingu yfir í rými sjúkrabaðs og taka plássið undir skrifstofurými. Kostnaður við þessa breytingu er óverulegur.

Nefndin samþykkir breytinguna.

3. Búnaðarkaup. 2011-12-0009.

Lagður fram tölvupóstur frá Sigurði Norðdahl frá Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 15. maí 2015 er varðar örútbod fyrir hjúkrunarheimili í Ísafjarðarbæ, kafla 2 og 3 er varðar búnað og hjálpartæki fyrir salernisaðstöðu og flutningstæki og stoðbúnað.

Lagt fram til kynningar.

4. Önnur mál. 2011-12-0009.

Lagður fram tölvupóstur frá Sturlaugi Tómassyni hjá Velferðarráðuneytinu dags. 13. maí 2015 er varðar vísitölutengingu á leigugreiðslur.

Jóhanni Birki er falið að gera minnisblað um óhagræði Ísafjarðarbæjar vegna vísitölubreytinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:10.

Sigurður Pétursson, formaður.

Arna Lára Jónsdóttir

Kristín Hálfhánsdóttir.

Gísli Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri

Jóhann Birkir Helgason

Ágúst Gíslason